

Fundur í skólaráði 3. des. 2018.

Mættir: Soffía, Hólmfríður, Ágúst fulltrúi foreldra, Helgi frá hverfisnefnd, Eyrún, Inga Huld og Helga H. skrifar fundargerð. Þorbjörg Dagný fulltrúi foreldra afboðaði sig á fundinn vegna veikinda.

Rætt um hátíðarvikuna okkar sem gekk mjög vel. Mikil vonbrigði að fjölmiðlar sáu sér ekki fært að mæta.

1. Desember skipulag tilbúið. Frekar hefðbundið. Föndur, tónleikar, heimsóknir. Litlu jól 19. (7.-10.b.) og 20. des. (1.-6.b.). Skólahald hefst aftur 4. janúar.2019.
2. Erasmus+. Helga sagði frá næstu viku. Eigum von á 17 gestum frá 4 löndum. Þurfum að sinna þeim þann tíma. Það verður fundað, farið inn í bekki og fylgst með þar, farið í skoðunarferð í Mývatnssveit á fimmtudegi. Borðað verður í skólanum alla dagana. Á þriðjudagskvöldi verður borðað í skólanum og á miðvikudegi farið á veitingastað.
3. Rætt um bréf til framkvæmdaráðs vegna umferðarhraða og gangbrautir á Glerárgötu og götunum sem liggja að Glerárskóla. Fjallað sérstaklega um gangbrautina á Glerárgötu, þar komin umferðarljós. Ákveðið að senda bréf til vegagerðar, framkvæmdaráðs Ak.b. og lögreglu, afrit á fræðslusvið og til bæjarstjóra.
4. Starfsmannabreytingar: Þrjú list og verkgreinakenningar í langtímaveikindum, námsráðgjafi, skólaliði og aðstoðarmaður í mötuneyti eru líka í langtímaveikindum. Kennari fór í veikindaleyfi í dag, búið að ráða fyrir hana. Stuðningsfulltrúi búið að segja upp, búið að ráða fyrir hann frá áramótum. Fólk beðið um að hafa augun opin varðandi afleysingafólk.
5. Fjármál: Stendur vel, farið verður yfir í launalið. Við leysum mikið af í forföllum. Stefnt á að kaupa fleiri tölvur og osmo. Ekki húsgögn.
6. Eyrún sagði frá gjöfum vegna afmælis. Fengum bækur, þrjú osmotæki og viðbætur með þeim.
7. Eyrún sagði frá því að það verður byggður leikskóli, sunnan íþróttahúss, með tengibyggingu yfir í skóla og íþróttahús. Farið verður í viðhald á skólahúsnæðinu, án þess að búið sé að skilgreina það. Búið er að biðja um afnot af Árholti, fyrir frístund, en samið hefur verið við leigutaka þar fram á vor. Eftir það verður málið skoðað.

Helga H.